



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2024 – 2025

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	4
Inngangur.....	4
2. Leiðarljós leikskólans.....	6
3. Mat á skólastarfi.....	6
Innra mat leikskólans.....	6
Umbótaáætlun	9
4. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	9
5. Foreldrasamstarf	10
Foreldraráð.....	10
Foreldrafélag	10
6. Starfsmannamál.....	10
Samsetning starfsmannahópsins.....	10
7. Símenntunaráætlun.....	11
Skipulagsdagar.....	11
8. Aðrar upplýsingar	11
Fjöldi barna.....	11
Húsnæði og lóð.....	11
Skólaárið 2023 - 2024	11
Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025.....	12
Öryggismál.....	12
9. Fylgigögn.....	13
Fylgiskjal 1 - Sýnishorn- autt skjal- gátlisti innra mat	13
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun	13
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	13
Fylgiskjal 4 – umsögn foreldraráðs	13
Fylgiskjal 1 Innra mat á skólastarfi - gátlisti.....	14
Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfabeiði 2024-2025.....	17
Fylgiskjal 3- skóladagatal	19
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	20

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Leikskólinn Álfaheiði er rekinn af Kópavogsbæ og hóf starfsemi sína 1. desember 1990. Leikskólinn er fjöggra deilda og þar dvelja að jafnaði 79 börn á aldrinum 1-6 ára frá klukkan 7:45-16:30, þó lokar deild yngstu barnanna klukkan 16:00. Leikskólinn er 602 m² að stærð, þar af er leikrými barna 264 m² og lóðin er 3120 m². Í leikskólanum er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (e.Values based Education), þar sem átta jákvæðum lífsgildum er fléttað inn í allt skólastarf á tveggja ára tímabili.

2023-2024

Umfangsmiklar breytingar Kópavogsbæjar á skipulagi og starfsumhverfi leikskólanna voru fyrirferðarmiklar á skólaárinu. Markmið breytinganna var að skapa meiri stöðugleika í leikskólastarfinu og tryggja þar með vellíðan og velferð barna og starfsfólks í leikskólum bæjarins. Breytingarnar hafa haft mjög jákvæð áhrif hjá okkur í Álfaheiði. Lokanir um hátíðir og í vetrarfríum hafa dregið verulega úr álagi vegna vikulegrar vinnustyttingar starfsfólks. Tvö til fimm börn af 77 börnum nýttu dvöl á skráningardögum á skólaárinu. Margir foreldrar stytta daglegan dvalartíma barna sinna og dró það verulega úr daglegu álagi á starfsemina. Þar sem ekkert foreldri óskaði eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 styttest opnunartími leikskólans um 15 mínútur á dag, í **7:45-16:30** á síðasta skólaári.

Breytingarnar tóku gildi þann 1. september 2023, þann 1. desember 2023 var nýting á dvalartímum barna í Álfaheiði eftirfarandi:

26% (20 börn) dvöldu eingöngu 30 gjaldfrjálsar klukkustundir á viku.

31% (24 börn) dvöldu milli 6,1 - 7,9 klukkustundir á dag.

22% (17 börn) dvöldu í leikskólanum í 8 tíma á dag.

21% (16 börn) dvöldu umfram átta tíma á dag, ekkert barn umfram 8,5 klukkustundir.

Vegna mikillar sérkennslu var samþykkt tímabundin tveggja barna fækkun, úr 79 í 77 börn.

Fleiri umsækjendur, en ári áður, voru um laus störf og leikskólinn var fullmannaður allt skólaárið.

Á vormánuðum 2024 var staðfest að mygla væri í húsnæði leikskólans. Starfsemi deildanna Brekku og Hjalla fluttist þá í skátaheimili Kópa í Kópavogsdalnum. Starfsemi leikskólans er því á tveimur stöðum. Frekari sýnataka og skoðun á húsnæðinu leiddi jafnframt í ljós að auk deildanna tveggja þyrfti að ráðast í töluverðar framkvæmdir meðal annars á starfsmannaaðstöðu og þvottahúsi. Sumarið 2024 var skipt um þak á húsnæðinu og framkvæmdir innan húss standa enn yfir.

2024-2025

Breytingar Kópavogsbæjar á skipulagi og starfsumhverfi leikskólanna hafa skilað verulegum árangri í Álfaheiði og þar með stuðlað að aukinni vellíðan og velferð barna og starfsfólks í leikskólanum.

Flestir foreldrar hafa nú stýtt daglegan dvalartíma barna sinna sem dregur úr daglegu álagi á starfsemina. Eftirspurn um dvalartíma umfram átta klukkustundir hefur minnkað og ekkert foreldri óskaði eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 né til klukkan 16:30 því verður opnunartími leikskólans á skólaárinu **7:45-16:15**.

Nýting á dvalartímum barna í Álfaheiði haustið 2024 er eftirfarandi:

34% (25 börn) dvelja nú eingöngu 30 gjaldfrjálsar klukkustundir á viku.


15% (11 börn) dvelja 4 daga í leikskólanum í stað fimm daga.

24 % (18 börn) dvelja milli 6,1 og 7,9 klukkustundir á dag.

19% (14 börn) dvelja í leikskólanum í 8 tíma á dag.

8% (6 börn) dvelja umfram átta tíma á dag, þó ekkert barn umfram 8,5 klukkustundir.

Margir foreldrar eru enn að prufa sig áfram varðandi samræmingu vinnu og einkalífs og óskir um breytingar á dvalartíma barna eru tíðar. Við erum mjög sveigjanleg og verðum við óskum foreldra sem fyrst hvort sem um ræðir að lengja eða stytta dvalartíma barna.



Vegna mikillar sérkennslu og aðstæðna varðandi framkvæmdir á húsnæði hefur verið samþykkt áframhaldandi tímabundin fækkun barna.

Í Kópavogi eru starfsaðstæður kennara nú sambærilegar á leik- og grunnskólastigi og meðal nýrra ráðninga er kennari að færa sig aftur á fyrsta skólastigið.

Innleiðing á breyttri aðalnámskrá leikskóla er hafin þar sem sjálfsprottinn leikur er í fyrirrúmi. Sú innleiðing mun setja mark sitt á skipulagsdaga og deildarfundi á komandi vetri.

2. Leiðarljós leikskólans

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna. Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education) og einkunnarorð leikskólans eru: **Deilum gildum okkar til að skapa betri heim.** Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrík samskipti og meginmarkmiðið er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna, siðvit og að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Skólastarfið

Lífsgildunum er fléttað á fjölbreyttan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010. Námsefnið lífsmennt fékk tilnefningu sem eitt af bestu skólaþróunarverkefnum á Íslandi. Af því tilefni var stutt myndband um lífsmennt í Álfaheiði kynnt undir liðnum Ferðalag um íslenskt skólakerfi á UTÍS online 2024.

Álfaheiði er Réttindaskóli UNICEF en í því felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi í leikskólanum, standa vörð um réttindi barna og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Réttindaskólaverkefnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðlegt verkefni sem snýst um að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Leikskólinn Álfaheiði er jafnframt Sólblómaleikskóli, en börn, foreldrar og starfsmenn í leikskólanum styrkja í sameiningu framfærslu Isabellu sem býr í barnaþorpi SOS í Tansaníu. Við fræðumst saman um hag hennar og annarra barna sem búa við misjafnar aðstæður um allan heim ásamt því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla. Við vorum svo heppin að fá heimsókn í ágúst síðastliðnum frá Sonam, konu sem ólst upp í SOS barnaþorpi í Indlandi, sem hingað var komin að heimsækja íslenskt styrktarforeldri sitt.

Við vinnum með forvarnarverkefnið Vináttu, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum í samvinnu við foreldra þ.e. mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Markmið með snemmtækri íhlutun er að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar alhliða þroska þeirra og velferð.

3. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfaheiði eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Aðferðir	Matsþættir	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
	Stjórnun				
Starfsmannakönnun	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Starfsmannakönnun	Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Starfsmannakönnun	Faglegt samstarf		x		x
Gátlisti, fundir	Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Gátlisti, fundir, nefndir	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
	Uppeldis- og menntastarf				
Gátlisti	Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Gátlisti	Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Foreldrakönnun, fundir ATH!	Leikskóli margbreytileikans		x		x
Gátlisti	Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
	Mannauður				
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Hlutverk leikskólakennara		x		x
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
starfsmannakönnun	Starfsánægja		x		x
	Leikskólabragur				
Starfsmannakönnun, foreldrakönnun, Gátlisti	Viðmót og menning	x	x	x	x
Foreldrakönnun, foreldrasamtöl, fundir	Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Gátlisti, foreldra-könnun, fundir,	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
foreldrakönnun	Viðhorf foreldra	x		x	
	Innra mat				
Fundir, gátlisti	Skipulag og viðfangsefni		x		x
fundir	Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Foreldrakönnun, fundir	Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2023-2024

Grunnþátturinn Sköpun og menning var metinn með þar til gerðum matslistum frá Kópavogsbæ. Gátlisti fyrir innra mat hefur verið í þróun og var fylltur út af starfsfólki hverrar deildar á skólaárinu. Tilgangur gátlistans er að áætla, meta og þróa innan hverrar deildar m.a.: daglegt starf, fundi, skipulag, mat barna, þátttöku í sí- og endurmenntun starfsfólks, viðburði, foreldrasamstarf og stjórnun.

Fjölbreyttar nefndir eru starfandi innan skólans sem hafa skilgreind markmið, hlutverk og tíma til samráðs. Nefndirnar tryggja aðkomu allra starfsmanna og þær eru vettvangur fyrir ígrundun og endurmat og stuðla að skólaþróun. Nefndir sem skipaðar eru fulltrúum hverrar deildar og skólastjórnendum hittust reglulega þökk sé fundadagatali leikskólans, mátu og samræmdu áherslur m.a. varðandi: lífsmennt, Barnasáttmálann, umhverfisstörf og innra mat.

Teymisfundir vegna barna með sérþarfir voru reglulega og leystu af hólmi lausnarteymi leikskólans sem fundaði reglulega á haustönn 2023 en sjaldnar á vorönn 2024. Deildarstjórar og aðrir stjórnendur funduðu auk þess reglulega til samráðs, ígrundunar og mats. Starfsmenn með leikskólakennaramenntun funduðu og einnig voru samráðsfundir með Álfhólsskóla varðandi samstarf á milli skólastiga, fundargerðir ofangreindra funda eru ritaðar og aðgengilegar hlutaðeigandi.

Skemmtinefnd, starfsmannafélag og ferðanefnd funduðu varðandi þætti og viðburði sem snúa að starfsanda á vinnustað.

Börnin mátu meðal annars:

- vináttu (eiga öll börn vin?),
- svöruðu gátlista um notkun vatns, úrgang og neyslu,
- mátu líðan sína í mismunandi stundum dagskipulags,
- hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum,
- hvað felst í þeim gildum sem áhersla var á síðasta vetur,
- hvað leikskólakennari gerir,
- hvað mér finnst,
- hvað er boðið upp á í hádegisverð í leikskólanum,
- leiðefni inni og úti og samskipti við jafnaldra.

Verkefnið Okkar leikskóli var framkvæmt á skólaárinu. Kópavogsbær úthlutaði fjármagni (1000 krónur á hvert barn í leikskólanum) og börnin ákváðu á lýðræðislegan hátt hvernig peningnum skildi varið til þess að gera leikskólann betri.

Eftirfarandi mælitæki (EFI-2, TRAS og HLJÓM-2) eru nýtt markvisst til þess að skima málþroska og hljóðkerfisvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Markmiðið er að greina frávik í málþroska, grípa til snemmtækrar íhlutunar þar sem þess er þörf og veita markvissa málörvun.

Ytra mat 2023-2024

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Til stóð að leggja fyrir starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins í mars 2024, sú breyting varð hins vegar að Prósent lagði fyrir vinnustaðargreiningu fyrir alla starfsmenn Kópavogsbæjar vorið 2024 og niðurstöður hafa enn ekki verið kynntar stjórnendum.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Umbótaáætlun vegna vinnustaðagreiningar hefur ekki litið dagsins ljós, þar sem niðurstöður hafa ekki verið kynntar stjórnendum. Nýjasta mælitæki okkar í innra mati er gátlisti sem deildir svöruðu jafnt og þétt yfir skólaárið. Gátlistinn er enn í þróun og því ekki mikil reynsla komin á að fylla hann út. Reitirnir: áætlun, hvað var gert og hvernig gekk, voru ýtarlega útfylltir á öllum deildum en reiturinn tækifæri til umbóta var sjaldan útfylltur. Til þess að hámarka árangur af matinu og auðvelda gerð umbótaáætlunar þarf að fylla betur í þann reit. Autt skjal, sýnishorn gátlistans er í fylgiskjali 1.

4. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

2023-2024

Skólaárið 2023-2024 var sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: virðingu, samvinnu, ábyrgð og þakklæti. Þemu leikskólans í umhverfismennt voru lýðheilsa, neysla og úrgangur.

Leikskólinn Álfaheiði hlaut styrk vegna verkefnisins Foreldrafræðsla-Leikskólinn Álfaheiði úr Forvarnarsjóði 2023. Sérkennslustjóri Álfaheiði, sem jafnframt er með meistaragráðu í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf, bauð foreldrum leikskólabarna í Álfaheiði að taka þátt í fjórum fræðslukvöldum á skólaárinu auk þess að bjóða persónulega uppeldisráðgjöf til þeirra sem þess óskuðu. Fræðslukvöldin voru mjög vel sótt af foreldrum og margir þáðu auk þess persónulega uppeldisráðgjöf. Hrönn Valgeirsdóttir sérkennslustjóri og verkefnið fékk jafnframt viðurkenningu frá samtökum Heimilis og skóla.

Leikskólinn hlaut auk þess styrk úr Þróunarsjóði Kópavogs í júní 2023 vegna áframhaldandi þróunar fundadagatala og gátlista og hvernig best megi nýta skipulagt innra mat sem tækifæri til umbóta og þróunarstarfs í leikskólanum. Bæði dagatalið og gátlistinn eru kærkomin verkfæri í innra mati og skólaþróun og verða nýtt áfram í Álfaheiði.

Foreldrar, börn og starfsfólk í Álfaheiði tóku þátt í eftirfarandi rannsóknum á skólaárinu: Hlutaskynjun og læsi í samvinnu við Háskóla Íslands, Málþroskamatið LANIS í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Auk þess sem foreldrar svöruðu spurningum um svefnvenjur íslenskra barna í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Tveir fulltrúar Álfaheiði voru jafnframt þátttakendur í þróunarverkefni með Háskóla Íslands varðandi foreldrafræðslu og uppeldisnámskeið. Innleiðing breytinga á aðalnámskrá leikskóla og innleiðing farsældarfrumvarps með samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur settu auk þess mark sitt á þróunar og nýbreytnistarf á skólaárinu.

Starfsmenn tóku þátt í fjölbreyttum námskeiðum á skólaárinu. Meðal annars tóku allir starfsmenn leikskólans netnámskeið BOFS um kynferðisofbeldi gegn börnum, öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi sátu námskeið vinnuverndar og deildarstjórar og skólastjórnendur sátu stjórnendanámskeið þekkingarmiðlunar á vegum Kópavogsbæjar. Að auki sótti starfsfólk og stjórnendur leikskólans fjölmörg styttri starfstengd námskeið.

2024-2025

Skólaárið 2024-2025 verður sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: frið, kærleika, umburðarlyndi og hugrekki. Þemu leikskólans í umhverfismennt verða áfram lýðheilsa, neysla og úrgangur og til stendur að endurnýja nafnbótina Réttindaskóli að skólaárinu loknu.

Sá grunnþáttur menntunar sem verður metin á skólaárinu er sjálfbærni og vísindi.

Í lok september 2024 fer starfsmannahópurinn í náms- og kynnisferð innanland, heimsækir leikskóla á suðurlandi og tekur þátt í ráðstefnunni UTÍS online.

Á skólaárinu mun hluti af hverjum deildarfundi, starfsmannafundum og skipulagsdögum vera helgaður fyrir fram ákveðnum námsþætti, starfsháttum eða námsefni. Uppfærsla á námskrá leikskólans með tilliti til breytinga á aðalnámskrá leikskóla verður fyrirferðarmikil í þróunarstarfi leikskólans á komandi skólaári.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Upplýsingar berast til foreldra á upplýsingatöflu í fataherbergjum deilda, með tilkynningum í gegnum Völu, í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

6. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Álfaheiði starfar öflugur starfsmannahópur með fjölbreytta reynslu og menntun.

Í leikskólanum er gert ráð fyrir 12,08 stöðugildum vegna barngilda, 100% stöðu leikskólastjóra, 30 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75 % stöðu sérkennslustjóra og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 2,70 stöðugildi til afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma kennara. Vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir tímabundna eða væga íhlutun er 0,96 % stöðugildi.

Til viðbótar eru stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning, en fjöldi stöðugilda vegna þess er breytilegur og fer eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin, síðastliðið sumar störfuðu fjögur ungmenni á vegum vinnuskóla Kópavogs í leikskólanum Álfaheiði.

7. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á skólaárinu. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Nánari dagskrá má sjá í símenntunaráætlun leikskólans (fylgiskjal 2).

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau (fjöldi námskeiða er að auki í boði á fræðslutorgi á vef Kópavogsbæjar).

8. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í Álfaheiði dvelja að jafnaði 79 börn, á aldrinum eins til sex ára, en vegna mikillar sérkennslu er tímabundin tveggja barna fækkun. Að auki er tímabundin fækkun vegna framkvæmda á húsnæði.

Samsetning barnahópsins er sem hér segir:

4 börn fædd 2023

16 börn fædd 2022

12 börn fædd 2021

23 börn fædd 2020

20 börn fædd 2019

Skólaárið 2024-2025 eru 24 tví- eða fjöltyngd börn: sextán börn sem eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og átta börn eiga annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, frá fimmtán þjóðlöndum.

Sérkennsla og sértækur stuðningur fer að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu síðasta vetrar er lýst.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2023 - 2024

Eftir ábendingar frá starfsfólki voru tekin myglusýni á deildinni Brekku og í apríl 2024 var staðfest að mygla væri í húsinu. Starfsemi deildanna Brekku og Hjalla fluttist þá í skátaheimili Kópa í Kópavogsdalnum. Frekari sýnataka og skoðun á húsnæðinu leiddi jafnframt í ljós að auk deildana tveggja þyrfti að ráðast í töluverðar framkvæmdir í þvottahúsi, starfsmannasalerni, vinnuaðstöðu

kennara, skrifstofu skólastjóra og kaffistofu starfsmanna. Þær framkvæmdir standa enn yfir og vonumst við til þess að framkvæmdum verði lokið fyrir næstu áramót.

Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Leikskólinn Álfaheiði opnaði 1. desember 1990 og þörf er á stöðugu viðhaldi á húsi og lóð, innan sem utan.

Framkvæmdir innan húss standa enn yfir og til stendur að breyta og nútímavæða þann hluta húsnæðisins þar sem mygla greindist. Breytingarnar eru gerðar í samráði við starfsfólk með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi og með tilliti til athugasemda Vinnueftirlitsins.

Það er einlæg ósk okkar að sá hluti hússins sem ekki þótti ástæða til að fara í framkvæmdir í vegna myglunnar fái lagfæringu fljótlega.

Lóð leikskólans var gerð upp að hluta sumarið 2012. Að mati starfsfólks og barna er brýn þörf á lagfæringu á lóð og leiktækjum. Vonir standa til að réttindaráð barna hafi aðkomu að hugmyndavinnu að þessum breytingum.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2023-2024 urðu 4 minniháttar slys á börnum, þar af tvö á lóð leikskólans og tvö slys á starfsmönnum á leið úr vinnu.

9. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Sýnishorn- autt skjal- gátlisti innra mat

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 – umsögn foreldraráðs

Höfundar: Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri og Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjal 1 Innra mat á skólastarfi - gátlisti

Deild: Mánuður /tímabil:

	Matsþáttur	Áætlun	Hvað var gert	Hvernig gekk/ástæður	Tækifæri til umbóta
Námsþáttur tímabils	Sjálfbærni og vísindi				
Heilbrigði og Vellíðan	Hreyfing, útivera, jóga				
Heilbrigði og Vellíðan	Lífsmennt				
Sérkennsla					
Sjálfbærni og Vísindi	Umhverfismennt				
Lýðræði og Mannréttindi	Barnasáttmálinn				

	Matsþáttur	Áætlun	Hvað var gert	Hvernig gekk/ástæður	Tækifæri til umbóta
Lýðræði og Mannréttindi	Mat barna				
Læsi og Samskipti	Vinátta				
Læsi og samskipti	Málörvun/söngur/lestur				
Sköpun og menning	Skapandi starf				
Sköpun og menning	Viðburðir börn				
Samstarf	Foreldrasamtöl /samstarf (t.d. stuttar kannanir, heimsóknir				

	Matspáttur	Áætlun	Hvað var gert	Hvernig gekk/ástæður	Tækifæri til umbóta
Skólapróun	Deildarfundir				
Skólapróun	Aðrir fundir				
Skólapróun	Námskeið / endurmenntun starfsmenn				
Skólapróun	Sérverkefni /rannsóknir /nemar				
Skólapróun	Starfsmanna-samtöl				
Aðbúnaður	Viðhald /endurnýjun /námsaðstæður á deild				

Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, lýðræði og mannréttindi, starfsandi, skólapróun, aðbúnaður

Unnið af matsteymi Álfaheiðar í mars 2022, endurnýjað í september 2022

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2024-2025						
Pátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Starfsfólk deilda	Deildafundur	Upplýsingagjöf, samráð, fræðsla, umræður um starfið og fleira	Mánud / föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00 Skipulagdagur	60 mín á þriggja vikna fresti, Hver deild ca 120 mín.	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og matráður	Deildarstjórafundir	Bókun næstu viku, miðlun upplýsinga, umræður um starfið, ákvarðanatöku og samráð stjórnenda-teymis.	föstud. kl:10:00-11:00/ 13:00-14:00	60 mínútur einu sinni í viku.	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og sérkennslustjóra.	Miðlun	Miðlun daglegra upplýsinga s.s. fjarvera starfsfólks, viðburðir dagsins o.s.frv.	Alla morgna kl.9:00	5-10 mínútur daglega	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn áhugasamur fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og eða sérkennslustjóra.	Nefndir og ráð	Nefndir og ráð leiða, samræma áherslur og meta starfið. Nefndirnar eru vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Mánudaga og föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00	60 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Stjórnendur
Deildarstjórar	Samráðsfundur deildarstjóra	Vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, handleiðslu, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Annan hvern mánudag 13:00-14:00	60 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og veita tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans.	vor 2025	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla/samtöl	Stuðst við móttökuáætlun.	Fyrstu 3 mán. í starfi	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjóri

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2024-2025						
Þátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Leikskólakennarar	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna.	1 x á vorönn	2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Starfsmannafundur	Uppfærsla á námskrá Álfaheiði í tengslum við breytingar á aðalnámskrá. Kynning frá nemum í leikskólakennarafræðum	30. október 2024 28. janúar 2025	2 tímar 2 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Leikskólaheimsóknir þátttaka í UTÍS Online, ráðstefnu um menntamál. Kosning trúnaðarmanna FL og SFK	20. sept. 2024	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skyndihjálparnámskeið, Kynning á Lausnaringnum. Innleiðing breytinga á aðalnámskrá leikskóla /Leikurinn- fræðsla. Deildafundur	13. nóv. 2024	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Þátttaka í UTÍS online, ráðstefna um menntamál.	2. jan. 2025 (unninn laugardaginn 21. September 2024)	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildarfundir- kynning á símenntun starfsfólks- Uppfærsla á námskrá Álfaheiði	12.mars 2025	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	deildarfundir: mat á vetrarstarfi, unnið úr niðurstöðum ytra mats og mótun umbótaáætlunar. Uppfærsla á námskrá Álfaheiði.	16. maí 2025	8 tímar	Unnið í vinnutíma og frítíma starfsfólks	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Álfaheiði

Skóladagatal 2024 - 2025

Samvera með foreldrum ☐

Þri - talskoleinn töludur ☐

Skipulagsdagur lokað

Friður	Friður	Friður	Kerðisur	Kerðisur	Kerðisur	Umboðadagur	Umboðadagur	Umboðadagur	Hvorkíki	Hvorkíki
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 F Sumarliokun	1 S	1 Þ	1 F Lesum saman	1 S Fullveldisdagurinn almennir leikubólsmen	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ Verkalýðsdagurinn	1 F	1 S Símannadagurinn
2 F Sumarliokun	2 M Aðlogun	2 M	2 L	2 M	2 F Skíptugadagur	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Símannadagurinn
3 L	3 Þ Aðlogun	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M Aðlogun	4 F	4 M Lesum saman	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F Aðlogun	5 L	5 Þ Lesum saman	5 F	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 S	5 M	5 F
6 Þ Sumarliokun	6 F Aðlogun	6 S	6 M Lesum saman	6 F Fagnaðafundur adventa	6 M Þrúföndinn fagnaðafundur	6 F Dagur leikhátlaða fagnaðafundur	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M Sumarliokun	7 L	7 M	7 F Lesum saman	7 L Jólaball fórn drófléggama	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Leikkáttinn opnar kl. 13	8 S Dagur læris	8 Þ	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti sex áhrifa dagur	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M	9 M Aðalfundur frjálsdrófléggama	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F OPID HÚS útskrift elstu barns	9 M Annar í hvítasunu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ Rýmingsraufing	10 F Blár dagur	10 M	10 M	10 F Fagnaðafundur Litríkur dagur einstakra ætla	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M Lesum saman	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslensks þákkomálma	11 Þ	11 F	11 S	11 M Rýmingsraufing
12 M	12 F Fagnaðafundur	12 L	12 Þ Admati Isabellu dótur dagur	12 F	12 S	12 M	12 M Skíptugadagur	12 L	12 M	12 F
13 Þ Aðlogun	13 F Grænn dagur	13 S	13 M Skíptugadagur	13 F Jólasemveri	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ Rýmingsraufing	13 F
14 M Aðlogun	14 L	14 M	14 F Lesum saman	14 L	14 Þ Rýmingsraufing	14 F	14 F Dagur starfháðmanna	14 M skráningardagur	14 M	14 L
15 F Aðlogun	15 S	15 Þ	15 F Fagnaðafundur	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ skráningardagur	15 F	15 S
16 F Aðlogun	16 M Dagur íslenskra máltóna	16 M	16 L Dagur íslenskra tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M skráningardagur	16 F Skíptugadagur	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lyðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F Bleiktur dagur	18 M Lesum saman	18 M	18 L	18 Þ Rýmingsraufing	18 Þ Rýmingsraufing	18 F Fótbaldagurinn langi	18 S	18 M
19 M Aðlogun	19 F	19 L	19 Þ Rýmingsraufing	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ Aðlogun	20 F Skíptugadagur	20 S	20 M Dagur manntölinda barna	20 F Fagnaðafundur adventa	20 M	20 F	20 F Fagnaðafundur	20 S Þúsikdagur	20 Þ	20 F
21 M Aðlogun	21 L	21 M	21 F Lesum saman	21 L	21 Þ	21 F Karlleikakaffi	21 F	21 M Annar í Þúsikum	21 M Kyrringarfundur fyrir nalla kvöldin	21 L
22 F Aðlogun	22 S	22 Þ Rýmingsraufing	22 F Lesum saman	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F Aðlogun	23 M	23 M	23 L	23 M skráningardagur! hristubarnin	23 F	23 S Korudagur	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ Rýmingsraufing	24 F skráningardagur	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Fagnaðafundur	24 M skráningardagur	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F skráningardagur	25 M Lesum saman	25 M Álfadagur	25 L	25 Þ skráningardagur	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M Aðlogun	26 F Evrópski flutungumáldagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ Lesum saman	26 F Annar í júlum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ Aðlogun	27 F	27 S	27 M Lesum saman	27 F skráningardagur	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M Aðlogun	28 L	28 M	28 F Lesum saman	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F Fagnaðafundur	29 S	29 Þ	29 F Fagnaðafundur adventa	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ Rýmingsraufing	29 F Úlssoninnardagur	29 S
30 F Aðlogun	30 M	30 M	30 L	30 M skráningardagur	30 F Fagnaðafundur blás	Nytt	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F Fagnaðafundur - Nytt	31 Þ Gæðiddagur	31 F	31 F		31 M			

Sumarlögun leikskólans er á hverju ári frá klukkan 13:00 annan þriðjudag í júlí til klukkan 13:00 annan fimmtudag í ágúst.

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Kópavogur 23.10.2023

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Álfaheiði fyrir veturinn 2023-2024

Sem áður er starfsáætlunin virkilega vönduð og vel unnin sem gefur til kynna að faglegt og gott starf er unnið í leikskólanum Álfaheiði. Í starfsáætluninni kemur fram allt það helsta um starfið framundan og það sem gert hefur verið undanfarið. Spannandi tímar eru framundan í skólastarfinu svo sem markviss vinna sem réttinda skóli UNICEF, vinna í anda námsfæðisins Lífsmenntar sem ýtir undir jákvæð gildi, áframhaldandi vinna með forvarnar verkefnið vinátta og vinna í anda Grænfánans svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru verðug verkefni sem mikilvægt er að vinna að í samstarfi við krakkana okkar. Einnig er foreldrafélagið spennt að sjá breytt umhverfi leikskóla í Kópavogi með nálguninni "barnið í fyrsta sæti" og þau áhrif sem hún mun hafa á faglegt starf leikskólans Álfaheiði. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju sinni með starfsáætlunina og því góða starfi og verðugu verkefnum sem hún inniheldur.

Fyrir hönd foreldraráðs Álfaheiðar

Arnór Sveinn Aðalsteinsson

